

Nr. 007 / 14 Drangavík VE 80***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 2048 IMO nr. 8812045
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Drangavík©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. desember 2013 var Drangavík VE 80 á togveiðum á SV miðum. Veður: SA 15 m/s.

Skipverjar höfðu lokið við að ganga frá afla eftir að veiðum lauk og voru að sjóbúa búnað í lestinni. Einn skipverja keyrði færiband, sem var í lestarloftinu, saman en annar skipverji átti að taka fjarstýringu bandsins úr sambandi. Bandið fór yfir vinstri hönd skipverjans þar sem hann beið eftir því. Slasaði öskraði og keyrði þá stjórnandi bandið til baka svo höndin losnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að lestarfæribandinu er stjórnað með fjarstýringu og hægt að keyra það fram og aftur um lestina. Færibandíð er drifið af rafmótor með tannhjól á tannkransastöng sem hvílir á brautarhjólum í tveimur brautum;
- að slasaði sagðist hafa verið orðinn þreyttur að lokinni veiðiferðinni. Hann hafi kropið á fjórum fótum í mjög þröngri stöðu uppi á efstu kararöð og í hugsunarleysi studdi hann sig við braut sem hjól bandsins runnu eftir.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til gáleysis slasaða.